

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 102/2001

frá 28. september 2001

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 54/2001 frá 18. maí 2001⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun ráðsins 91/67/EBE frá 28. janúar 1991 um skilyrði á sviði heilbrigðis dýra sem hafa áhrif á markaðssetningu fiskeldistegunda og –afurða⁽²⁾ var felld inn í samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/98 frá 17. júlí 1998⁽³⁾.
- 3) Í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 189/1999 frá 17. desember 1994⁽⁴⁾ er kveðið á um aðlögunartímabil fyrir Ísland vegna tilskipunar ráðsins 91/67/EBE þar til 30. júní 2001.
- 4) Aðlögunartímabilið var veitt á grundvelli þeirrar staðreyndar að nauðsynlegt var að greina einkenni ákveðinna sjúkdóma. Í ljósi þess að enn er verið að vinna að þessu máli er rétt að framlengja aðlögunartímabilið fyrir Ísland þar til 30. júní 2002.
- 5) Ákvörðun þessi gildir ekki um Liechtenstein.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

I. gr.

Í 5. lið (tilskipun ráðsins 91/67/EBE) í hluta 4.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn komi dagsetningin „30. júní 2002“ í stað dagsetningarinnar „30. júní 2001“ í 2. mgr. 28 gr. d í aðlögunartextanum.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 165, 21.6.2001, bls. 58 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 32, 21.6.2001, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 46, 19.2.1991, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 158, 24.6.1999, bls. 1 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 27, 24.6.1999, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 74, 15.3.2001, bls. 24 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 14, 15.3.2001, bls. 206.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. október 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. september 2001.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

E. Bull

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.